

Stjórnarfundur GDLH nr 1. 2019

Haldinn þann 20. Nóvember 2019, í húsakynnum ,ÍSí í Laugardal kl. 1800.

Mættir: Jón Þorberg Steindórsson, Ágúst Hafsteinsson, Jóhann G.Jóhannesson, Darri Gunnarsson, Reynir Örn Pálmason og Randi Holaker.

Ekki til staðar: Sigurður Sigurðarson

Dagsskrá (málefni tekinn fyrir eftirfarandi:)

1. Fundur settur - stjórn skiptir með sér verkum
2. Skipun nefnda – fræðslunefnd
3. Útbreiðslunefnd
4. Dómaraval LM-
5. Endurmentunarmál
6. Bréf frá Sigurði Ævarssyni
- 7.Önnur mál
8. Fundi slitið

1. Formaður setur fundinn. Stjórn skiptir með sér verkum sem eru eftirfarandi.

Formaður: Jón Þorberg Steindórsson

Varaformaður: Reynir Örn Pálmason

Gjaldkeri: Ágúst Hafsteinsson

Ritari: Randi Holaker

Meðstjórnandi: Sigurður Sigurðarson

Varamenn: Jóhann G Jóhannesson og Darri Gunnarsson, en þeir starfa með stjórn.

2. Skipun fræðslunefndar, formaður heyrði í formanni fræðslunefndar sem er Valdimar Ólafsson og vill nefndin starfa óbreytt áfram. Samþykkt samhljóða. Í nefndinni eru Valdimar formaður, Gísli Guðjónsson, Sindri Sigurðsson, Valur Valsson, Marjolijn Tiepen og Stefán Ágústsson.

3. Fjallað um tillögu að útbreiðslunefnd. Tillagan kom frá aðalfundi um að stofna nefnd á vegum GDLH sem myndi stuðla að úrbreiðslu gæðingakeppninnar. Darri tekur fram að nefndin þarf að vera klár og farin að starfa fyrir miðjan janúar til ná á innanhúss vetrarmótin strax í vetur. Jói segir t.d. hugmynd að ferðast um landið til að fræða og kynna hugmyndir að útfærslu á innanhússgreinum í gæðingakeppni, jafnvel með sýningum. Ágúst tekur fram að mikilvægt sé að byrja starfið innanlands fyrst. Reynir og Randi telja mikilvægt að hestvæn og góð reiðmennska verði í hávegum höfð til að koma í veg fyrir tætingu og leiðinlega ásýnd í gæðingakeppninni. Brýnt er að koma fram með leiðara hvað sé verið að dæma og hvernig framkvæma skuli hverja grein. Fræðslunefnd er þegar farin að skoða þessi mál. Rætt var fram og til baka t.d. um gæðingatölt. Ágúst kemur inn á að til að fá þessar innanhúss útfærslur viðurkenndar þurfi að leggja þetta fyrir keppnisnefnd á LH þingi, en mikilvægt sé samt fyrst að prufa og leyfa þessum útfærslum að þróast í framkvæmd með reynslu. Hugmyndir að fólki til að starfa í útbreiðslunefnd komu fram.

Verkaskipting: Jóhann G tekur að sér að starfa í nefndinni og mun hafa samband við dómara til að athuga hvort þeir vilji starfa í útbreiðslunefnd. Hugmynd er að þessi nefnd ásamt fræðslunefnd mæti á næsta stjórnarfund og skipti betur með sér verkum.

4. Dómaraval á LM 2020. Formaður segir að fljótlega verði öllum landsdómurum félagsins sendur póstur þar sem þeim gefst kostur á að skrá sig í undirbúningshóp fyrir að dæma á mótinu. Hópurinn mun koma saman og samstillast sig. Úr hópnum munu svo verða valdir þeir sem koma til með að dæma LM 2020. Fræðslunefnd mun sjá um frekari útfærslu og val. Jói telur nauðsynlegt að hópurinn hittist líka heilan dag eða helgi til að stilla saman strengi sína, séu ekki bara með samskipti í gegnum t.d. facebook. Formaður kemur með hugmynd um að dómara t.d. skili inn tölum í lokuðum skilaboðum þegar verið er að dæma

t.d. myndbönd á facebook síðu, til að tryggja að allir þori að svara. Ágúst segir að sumir séu kannski feimnir að setja fram sínar tölur á opinn vegg innan hópsins og mikilvægt sé að fá fram og byggja upp sjálfstraust dómara, t.d. eins og tókst á LM 2012.

5. Endurmenntunarmál. Þeir dómara sem ekki standast samhæfingarpróf á endurmenntun í vetur þeir munu ekki dæma næsta ár. Það á eftir að setja viðmiðunarmörkin.

6. Stjórn barst bréf frá Sigurði Ævarssyni sem formaður las. Þar gerir Sigurður athugasemdir við fundargerð frá 28.05.2018. Þetta rætt. Stjórn vísar í skýrslu og bréf aganefndar LH nr 2 2015.

7. Önnur mál.

Formaður ætlar að biðja um fund með LH.

Tala strax við hestamannafélagið Sprett um áframhaldandi samstarf um innandyramót eins og á síðasta ári. Formanni gerir falið verkefnið.

Rætt um hvort kaupa eigi tölvu fyrir stjórn, haldið opnu til frekari umhugsunar.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 11. desember n.k. kl 1800. Með fræðslunefnd og útbreiðslunefnd.

8. Fundi slitið kl 2000.

